

Nd.

70. Tillaga

til þingsályktunar um að skipa nefnd samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka hag Íslandsbanka og stjórn hans á nndanfórnum árum.

Flntningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmndsson, Sigrjón Á. Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka hag Íslandsbanka og stjórn hans á nndanfórnum árum. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinargerð.

Tvö frnmvörp eru fram komin viðvíkjandi Íslandsbanka, annað nm að ríkið taki á sig stórfellda fjárhagslega ábyrgð og leggi ríkið fé fram honnm til viðreisnar, hitt um að bú bankans verði tekið til skipta, og þó ábyrgist ríkissjóður seðla bankans.

Hvor leiðin sem farin yrði leiðir af sér kröfuna nm, að þingi, ríkisstjórn og almenningi verði kunnugt um allan hag bankans og hvaða ábyrgð stjórnendur bankans hafa á því, hvernig komið er. Virðist heppilegasta leiðin til að ná því takmarki, að kosin verði rannsóknarnefnd í neðri deild Alþingis samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar.